



Skýrsla sjálfsmatsnefndar Flensborgarskólans í Hafnarfirði

2024-2025

Erla Sigríður Ragnarsdóttir og Júlía Jörgensen

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Greinargerð um umbótaáætlun síðasta árs, 2024-2025.....	5
Kennslumat	6
Áskoranir í skólastarfi	8
Hlýtt á nemendur - viðhorf til skólastarfsins.....	9
Viðhorfsskönnun um bekkjarkerfi.....	9
Námsárangur – almennt.....	10
Mætingar	12
Skýrslur deilda.....	14
Kennslusvið	14
Þjónustusvið.....	14
Stoðþjónusta	15
Náms- og starfsráðgjafar ásamt nemenda- og kennsluráðgjöf.....	15
Starfsbraut	15
Starfsmannasamtöl	16
Heilsueflandi framhaldsskóli	16
Hlýtt á starfsfólk skóla.....	16
Jafnréttiskönnun.....	16
Ytra mat	17
Stofnun ársins	17
Jafnlaunavottun.....	18
Græn skref	18
Niðurstöður	19
Viðauki – matstafla 2024-2025.....	1

Inngangur

Tilgangur sjálfsmats í framhaldsskólum er skýr samkvæmt lögum um framhaldsskóla 92/2008 en þar segir að almennur tilgangur sjálfsmats sé að leggja grunn að sívirku umbótastarfi til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda og starfsmanna. Innleiða á aðferðir sjálfsmats sem nái til allra þátta skólastarfsins og hefur Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, eins og sjá má á *sjálfsmatsáætlun skólans* í viðauka aftast í skýrslu, leitast við að fara markvisst eftir þessum tilmælum.

Í Flensborgarskólanum skólaárið 2024-2025 voru nemendur skólans 628 talsins, þar af voru 196 nýnemar innritaðir við skólann haustið 2024. 32 nemendur voru á starfsbraut og 52 nemendur í bæjarbrú, en það eru grunnskólanemendur sem taka byrjunaráfanga í ensku og stærðfræði. Starfsfólk skólans á skólaárinu var alls 87, þar af 12 stundakennarar á íþróttaafrekssviði. Alls útskrifuðust 151 nemendur frá skólanum, 107 að vori, 44 að hausti og skiptust þeir þannig niður á brautir skólans; 19 af félagsvísindabraut, 98 af opinni braut, 12 af raunvísindabraut, 14 af viðskipta- og hagfræðibraut og 3 af starfsbraut.

Rík áhersla hefur verið lögð á innra mat skólans á undanförunum árum. Þannig hefur verið hægt að vinna markvisst að því að bæta starf skólans með hagsmuni nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, auk þess að meta stöðu hans með tilliti til þess hvað er vel gert í skólastarfinu. Gengið er út frá eftirtöldum spurningum: Hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri? Og með því að framfylgja umbótaáætlun í framhaldinu er það von stjórnenda að framfaraskref verði tekin hraðar en ella.

Eftir hvert sjálfsmatsár má greina bæði áskoranir og tækifæri í skólastarfinu. Í kennslumati mælast öll markmið á mörkum styrkleikabils og starfhæfs bils sem er mjög gott. En þó þarf alltaf að halda áfram að vinna að úrbótum, sérstaklega hvað varðar skuldbindingu nemenda til náms og styrkja kennara og kennsluhætti skólans í tæknilausnum. Áfram þarf að efla áhuga nemenda á náminu almennt og efla tækniþróun innan skólans sem gæti hjálpað til við það að nemendur mæti betur í kennslustundir sem aftur eykur á góða námsmenningu innan skólans. Nemendahópur skólans er afar fjölbreyttur og hefur mismunandi námslegar þarfir sem kallar á sveigjanleika í námi. Það kallar á sífellda endurskoðun á námsefni og ýtir undir enn frekari sköpun í kennslu og fjölbreytileika verkefna. Vel hefur gengið að mæta þessum áherslum, m.a. hefur skólinn fjárfest í snjallskjám í kennslustofur sem verða vonandi fleiri á næsta skólaári. Áfram þarf að hvetja til eftirfylgni á námsárangri, en rannsóknir skólans hafa sýnt að námsárangur dalar á milli haust og vorannar á fyrsta ári og svo aftur á milli fyrstu tveggja skólaáranna, sérstaklega hjá drengjum. Einnig má hvetja til enn frekari vitundarvakningar, bæði meðal starfsfólks og nemenda, er varðar umhverfismál og heilsueflandi lífsstíl.

Í sjálfsmatsnefnd skólans sitja Anný Gréta Þorgeirsdóttir, jarðfræðikennari, Árni Stefán Guðjónsson, áfangastjóri, Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari, sem jafnframt leiðir störf nefndarinnar, Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari, Ásbjörn Friðriksson, stærðfræðikennari og Unnar Örn Þorsteinsson, enskukennari og komu þau öll að gerð þessarar skýrslu.

Nefndin hóf skólaárið 2024 - 2025 á því að ganga frá matsviðmiðum og sjálfsmatsáætlun fyrir árið. Sú áætlun var kynnt fyrir starfsmönnum skólans á skólafundi að hausti. Umbótaáætlun síðasta árs var rýnd, en slík áætlun hefur verið útfærð síðan skólaárið 2017 - 2018.

Sjálfsmat er veigamikill þáttur í skólastarfinu sem gefur góðar vísbendingar um hvar úrbóta er þörf. Sumir matsþættir hafa skipað sér fastan sess og eru í stöðugu matsferli en aðrir þættir koma inn tímabundið, stundum á nokkurra ára fresti eða sem einstök úttekt.

Meðal helstu verkefna sjálfsmats Flensborgarskólans eru eftirtalin verkefni (sjá einnig Sjálfsmatsáætlun – fylgiskjal 1):

- *Kennslumat* fer fram á báðum önnum. Einungis hluti hópsins er metinn hverju sinni eða um þriðjungur kennara. Kennslumati er fylgt eftir með samantekt á kennarafundi og lögð áhersla á að sýna þá þætti sem komu best út úr matinu og verst. Einnig voru niðurstöður kennslumats bornar saman á milli anna. Kennurum var boðið upp á starfsmannasamtal í framhaldinu þar sem niðurstöður kennslumats eru hafðar til hliðsjónar.
- *Nýnemar* eru spurðir um viðhorf sitt til menntunar, aðstöðu til náms, félagslífið, líðan í skólanum og skuldbindingu sína til náms. Vegna bekkjarkerfis á fyrsta ári hafa viðhorfskannanir verið lagðar fyrir tvisvar á skólaárinu, að hausti og vori.
- *Skýrslur deilda, þjónustusviðs og nemendapjónustu*. Kallað er eftir upplýsingum um nýjungar í kennsluháttum, hvers konar námsmat hafi skilað mestum árangri og hver væru brýnustu faglegu verkefnin á komandi árum. Skýrslum skilað í maí-júní 2025.
- *Hlýtt á starfsfólk* fer fram með ýmsum hætti. Að þessu sinni var lögð fyrir könnun til að kanna viðhorf til jafnréttis í kennslu.
- *Námsskrárvinna*. Kennarar taka þátt í námsskrárvinnu á námsbrautum skólans. Unnið var námskrárbreytingum bæði á fagfundum og kennarafundum og voru tekin veigamikil skref til að styrkja brautir skólans en farið var í þá vinnu eftir hugmyndavinnu námskrárhóps frá fyrra skólaári.

Greinargerð um umbótaáætlun síðasta árs, 2024-2025

Sjálfsmatsnefnd kom saman í október og fór yfir umbótaáætlun síðasta skólaárs. Nefndarmenn voru sammála um að vel hefði gengið að ná fram umbótum á síðasta ári og að nánast allt hefði komist til framkvæmda sem er vel að verki staðið. Allir liðir eru ýmist komnir til framkvæmda eða vel á veg komnir, enginn liður er óhafin í vinnslu.

Allir umbótaliðir voru yfirfarnir og kom eftirfarandi fram:

Efla skuldbindingu nemenda í námi

Hvað varðar skuldbindingu nemenda gagnvart námi sínu voru nefndarmenn sammála að væri verkefni sem tæki aldrei enda. Það hefur þó gengið vel í flestum liðum sem unnið er að, brotthvarf hefur minnkað hjá nemendum og mæting hefur batnað, sér í lagi hjá nýnemum þó greina megi einhvern mun á milli árganga. Áfram þarf að halda áfram að auka við skuldbindingu nemenda og gera þeim auðveldara fyrir með því að nýta möguleika INNU til hins ítrasta, bæði hvað varðar námsgögn og aðrar upplýsingar. Búast má við sveiflum milli ára í þessum lið en þessu verkefni lýkur aldrei. Áfram verður lagt upp með bekkjarkerfi á fyrsta ári sem er mikilvægur hlekkur í því að efla farsæld nemenda, bæði hvað varðar námsmenningu og félagslegt tengslanet þeirra. Einnig verður framhaldið að bjóða nemendum stuðningsviðtöl hjá sálfræðingi utan húss, auk þess sem nemendapjónusta styður, eftir sem áður, við nemendur með fjölbreyttum hætti.

Að auka gæði náms

Þegar kemur að því að efla virkni nemenda í tímum eru nefndarmenn sammála um að þurfi að halda áfram að leita leiða til úrbóta. Í niðurstöðum kennslumats kemur í ljós að nemendur telja sig vera vanvirka í tímum og það sama má sjá í niðurstöðum Skólapúls. Þar hefur m.a. mátt sjá merki um áhugaleysi nemenda og neikvæð viðhorf gagnvart þátttöku í skólastarfinu t.d. varðandi mætingar. Í umbótaáætlun kemur fram að efla þurfi kennsluhætti sem og möguleika í verkefnaskilum þar sem nemendum bjóðist fjölbreytni í námsmati. Það er ljóst að nemendur vilja hafa meira um námið sitt að segja og gangi hugmyndir skólans um meiri verkefnamiðun í námi eftir standa vonir til þess að framlag þeirra sjálfra verði meira og ábyrgð nemenda á eigin námi aukist. Til þess að koma til móts við slíkt þarf að halda áfram að efla og viðhalda þekkingu kennara á rafrænu kennslumhverfi og ýta undir nýsköpun í námi og kennslu. Markmiðið er að halda í og efla þá þekkingu sem lærðist á tímum heimsfaraldurs og nýta virkni þeirra möguleika sem eru fyrir hendi í tæknimálum. Gagnvirkir skjáir voru keyptir á skólaárinu sem bjóða upp á töluverða fjölbreytni, þá er líka búið að taka upp Inspira prófaumhverfi og áfram verður hvatt til faglegrar umræðu á fagfundum greina og deilda. Hugmyndir um endurtektarpróf fyrir nemendur í bekkjarkerfi og fastar dagsetningar fyrir forfallapróf sem bætir skipulag og utanumhald í námi var rætt á skólaárinu.

Fylgjast með námsárangri

Það er erfitt að koma fyllilega í veg fyrir kynbundinn mun á námsárangri. Námsárangur er þó enn á uppleið og áfram fylgjast kennarar með námsárangri allra nemenda. Kennarar eru þó sérstaklega hvattir til að skoða lokaniðurstöður annar með kynjagleraugum og rýna bæði námsgögn og umræðu í kennslu hvað varðar jafnréttismál. Áfram verður unnið að því að efla upplýsingagjöf og skipulag náms í gegnum INNU og þannig gefa nemendum enn betri yfirsýn yfir áfangana sína. Sérstaklega er fylgst með framgangi nýnema bæði hvað varðar ástundun og mætingar sem mikilvægan grunn í upphafi náms á framhaldsskólastigi. Allar vísbendingar gefa til kynna að bekkjarkerfi styðji vel við slíkt. Fylgst hefur verið með fjölda þreyttra eininga á nemanda á önn og er ljóst að styðja þarf enn frekar við námsárangur og framvindu náms á brautum.

Endurskoðun námskrár

Það að ræða námskrá er eilíðarverkefni í skólastarfi enda samfélagsþróun oft hröð og breytingar í skólakerfi aðkallandi. Búið er að gera breytingar á námskrá, styrkja brautir og fjölga áföngum. Sér í lagi þurfti að styrkja opnu námsbrautina og má búast við því að á næsta skólaári ljúki þeirri vinnu. Markmiðið um að Flensborgarskólinn gangi í takt við stefnu sína um fjölbreytt og sveigjanlegt skólastarf þar sem komið er til móts við nemendur hefur styrkst og ímynd skólans sem metnaðarfullur framhaldsskóli sömuleiðis.

Betrumbæta aðstöðu til skólastarfs

Áfram er unnið að því að betrumbæta aðstöðu til náms, bæði hvað varðar starfsfólk og nemendur. Endurnýjun á húsbúnaði heldur áfram eftir þörfum, ný útikennslustofa hefur verið tekin í gagnið ásamt því sem gagnvirkir skjáir eru komnir í sex kennslustofur.


Styrkja enn frekar starfsanda

Góður starfsandi er allsstaðar mikilvægur og það á einnig við hér í Flensborgarskólanum. Lögð er mikil áhersla á eflingu starfsanda enda mikilvægt að auka vellíðan starfsfólks og gæði starfsumhverfisins. Áfram er lögð áhersla á umhverfisvænan lífsstíl, bæði hvað varðar ferðamáta og mótuneyti auk þess sem heilsuefling er fyrirferðamikil á marga vegu. Jafnlaunavottun var staðfest á ný í sjötta sinn og þá var heilsueflingarstyrkur til starfsfólks tekinn upp.

Kennslumat


Kennslumat er lagt fyrir í lok hverrar annar og nemendur um þriðjungs kennarahópsins eru spurðir hverju sinni. Þar er viðhorf nemenda til kennslu og náms metið og reynt að festa fingur á framlag nemenda til námsins og skuldbindingu þeirra til þess. Kannanirnar eru lagðar fyrir á Innu

í síðustu kennsluviku annarinnar. Niðurstöður matsins eru birtar á Innu svo þeir kennarar sem eru metnir hverju sinni, geti rýnt í samantekt úr svörum sinna nemenda. Í kjölfar kennslumats eru kennarar boðaðir í starfsmannasamtöl þar sem farið er yfir niðurstöður og leiðir til úrbóta eru ræddar ef þörf krefur.



Mynd: Heildarútkoma kennslumats, tekið er meðaltal af hausti og vori.

Niðurstöður kennslumats fyrir skólaárið eru góðar líkt og undanfarin ár og þegar markmið bæði haust og vorannar eru tekin saman mælast þau öll á starfhæfu bili, rétt undir styrkleikabili (**4,13**). Áfram er því skólinn að ná markmiðum sínum í skólastarfinu. Nemendum líður á heildina lítið vel, þeir eru ánægðir með samstarf og samskipti við kennara og almennt eru það jákvæð viðhorf sem einkenna skólastarfið.




Mynd: Markmiðin þrjú, skólaárið 2024-2025

Markmiðin mælast mjög svipuð en að þessu sinni er það markmið eitt sem mælir framlag nemenda, **nemendur eru virkir og sýna áhuga (4,19)**, mælist ögn sterkar en hin þó niðurstöður séu afar sambærilegar. Nemendur gefa til kynna að þeir leggi sig fram í áföngum, þeir mæti vel í kennslustundir og líði almennt vel í þeim. Þeir telja kennara bregðast vel við spurningum nemenda og að samskipti þar á milli séu góð.

Markmið tvö um fjölbreytta kennsluhætti kemur einnig vel út og mælist **4,1**. Nemendur eru ánægðir með framsetningu efnis áfangans í INNU, telja verkefni áhugaverð og í samræmi við markmið áfangans og ánægðir með vinnubrögð kennara í kennslustofunni.

Markmið þrjú sem er að jákvæð viðhorf einkenni skólastarfið mælist **4,1** en þessi spurningaflokkur kemur iðulega síst út. Nemendur eru heiðarlegir og svörin eru með þeim hætti að nemendur átti sig á því þeir gætu lagt sig betur fram í náminu og jafnvel undirbúið sig betur fyrir kennslustundir. Nemendur telja sig mæta ágætlega í tíma og segjast vinna verkefni samviskusamlega sem er mikilvægt þegar stærsti hluti áfanga eru símatsáfangar án lokaprófs eins og raunin er í meirihluta áfanga innan skólans.

Þegar nemendur eru spurðir um samanburð áfanga kemur enn og aftur í ljós að nemendur upplifa jafnvægi í álagi á milli þeirra séu þeir á sama þrepi. Kennurum hefur vel tekist að stilla álag og þyngd áfanga í samræmi við eðli þeirra.



Mynd: Niðurstöður samanburðar álags á milli áfanga á sama þrepi

Áskoranir í skólastarfi


Þó kennslumat komi almennt vel út, líkt og síðustu annir, má alltaf sjá vísbendingar um umbætur, hvort sem þær snúa að skólanum sjálfum, kennslunni eða nemendum sem hér stunda nám. Þær

spurningar sem komu hvað síst út úr kennslumati snúa helst að því hvort nemendum finnist námið sitt áhugavert eða ekki. Bæði framhaldsskólar og háskólar á Íslandi standa frammi fyrir þeirri áskorun að halda nemendum sínum áhugasömum og virkum í náminu. Það er mikið verkefni því ungt fólk þarf að sjá skýran tilgang með því sem gert er í kennslustundum til þess að vilja mæta. Flensborgarskólinn leggur áherslu á verkefnað nám og kennarar reyna eftir bestu getu að virkja nemendur til þátttöku í kennslustundum, hvetja þá til sjálfstæðra vinnubragða og setja upp raunhæf verkefni sem tengir námið við veruleika nemenda. Þessi nálgun gengur oft vel en kennsluhættir og námsmat eru í sífelldri endurskoðun hjá kennurum sem leggja sig fram um að mæta kröfum nemenda um fjölbreytta kennsluhætti og valfrelsi að hluta til í námsmati svo nemendur upplifi einnig að þeir hafi eitthvað um námið sitt að segja.


Hlýtt á nemendur - viðhorf til skólastarfsins

Viðhorfsskönnun um bekkjarkerfi

Í viðhorfsskönnun meðal nýnema haustið 2024 kom fram að 88% og 89% nýnema eru ánægðir í skólanum eða líður vel í skólanum. 77% nýnema segir að góður andi ríki í bekknum sínum, og 59% finnst auðvelt að tjá sig í bekknum. 55% nýnema segir að vinnufriður ríki í kennslustundum, og 80% nýnema eiga góð samskipti við bekkjafélaga sína. 28% nýnema upplifa að einhver bekkjарfélagi standi utan hópsins. 94% nýnema segjast ganga vel um kennslustofur og mötuneyti skólans. 77% nýnema telja félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt, og 85% nýnema fylgist vel með upplýsingum frá skólanum á INNU og á samfélagsmiðlum skólans. 77% nýnema segja að foreldrar fylgist vel með námi þeirra. Að síðustu, þá finnst 66% nýnema gott að foreldrar eða forráðamenn fylgist vel með hvernig þeim gengur í skólanum.




Í samskonar viðhorfsskönnun meðal nýnema vorið 2025 kom fram að 86% og 89 nýnema segjast ánægðir eða líður vel í skólanum. 73% nýnema segir að góður andi ríki í bekknum sínum, og 58% finnst auðvelt að tjá sig í bekknum. 64% nýnema segir að vinnufriður ríki í kennslustundum, og 81% nýnema eiga góð samskipti við bekkjafélaga sína. 32% nýnema upplifa að einhver bekkjafélagi standi utan hópsins. 94% nýnema segjast ganga vel um kennslustofur og mötuneyti skólans. 81% nýnema telja félagsstarf á vegum nemendafélagsins mikilvægt, og 83% nýnema fylgist vel með upplýsingum frá skólanum á INNU og á samfélagsmiðlum skólans. 76% nýnema segja að foreldrar fylgist vel með námi þeirra. Að síðustu, þá finnst 63% nýnema gott að foreldrar eða forráðamenn fylgist vel með hvernig þeim gengur í skólanum.



Athygli vekur að nýnemar eru ánægðir og líður vel í skólanum sínum. Vinnufriður í kennslustunum mætti vera betri, og svo virðist sem einhverjir nemendur standi utan hópsins. Nemendur telja félagsstarfsemi á vegum nemendafélagsins mikilvægt og fylgjast vel með upplýsingum frá skólanum, bæði á INNU og á samfélagsmiðlum skólans.


Námsárangur – almennt

Námsmatið er afar mikilvægur hluti af sjálfsmati skóla og hefur Flensborgarskólinn fylgst vel með þróun þess undanfarin ár. Að þessu sinni lækkar meðaleinkunn nemenda við Flensborgarskólann, fer úr 6,8 í 6,79, sjá nánar um *þróun á námsárangri á mynd* hér fyrir neðan. Þá er meðaltal einkunna síðustu fimm ára 6,83 og er það mun hærri meðaleinkunn en fyrir árin á undan.



Mynd: Sjá meðaleinkunn allra nemenda við skólann síðastliðin ár


Skipting einkunna eftir brautum er svipuð á milli ára. Þó vekja athygli háar einkunnir á raunvísindabraut. Hæstu einkunnirnar eru einmitt hjá nemendum raunvísindabrautar (7,8), og viðskipta- og hagfræðibrautar (7,2). Þá koma nemendur á félagsvísindabraut (6,9). Lægsta meðaleinkunn á braut er á opinni braut skólans (6,5). Þá eru það nemendur Bæjarbrúar, en þeir taka alls fjóra áfanga á skólaárinu, með 9,0 að meðaltali og nemendur á starfsbraut með 7,9.



Mynd: Sjá úrsagnir úr námi og hlutfall falls á önnum

Úrsagnir úr námi á þessu skólaári geta gefið okkur ýmsar vísbendingar. Úrsögnum fjölgaði örlítið á skólaárinu sem hér er fjallað um og getur það tengst auknum fjölda nemenda við skólann. Áfram

má þó búast við sveiflum hvað þetta varðar, enda nemendahópurinn hverju sinni fjölbreyttur og með ólíkar þarfir. Þá hélt áfram sú þróun að úrsagnir nemenda á fyrsta ári, bæði úr áföngum og úr námi, voru hlutfallslega fáar. Gera má ráð fyrir að mikið utanumhald um nemendur í bekkjarkerfi á fyrsta ári skipti þarna sköpum, sem og skuldbinding nemenda við námið og fylgni þeirra við námsbraut.



Mynd: Úrsögnum nýnema hefur fækkað undanfarin ár enda brottfall í Flensborgarskólanum undir landsmeðaltali


Mætingar

Flensborgarskólanum er lögum samkvæmt skylt að fylgjast með ástundun nemenda sinna. Á skólaárinu 2024-2025 var heildarfjöldi nemenda 628. Meðalskólasókn var **89%** (90% á H2024, 87,9% á V2025, sjá mynd) og var meðalmætingareinkunn nemenda 7,1 á vorönn og 7,5 á haustönn (7,3 að meðaltali).



Mynd: Meðalskólasókn allra nemenda við skólann. Skólasókn er iðulega betri að hausti en vori.

Um 12% nemenda, eða 76 nemendur, voru undir mætingarviðmiðum á haustönn 2024 en á vorönn 2025 voru það um 14%, eða 88 nemendur. Mætingarviðmið eru 83%. Af þessum hópi voru um 5% nýnemar undir viðmiðum en almennt eru mætingar hjá nýnemum nokkuð góðar.



Mynd: Hér má sjá mynd af útkomu nýnema fyrstu önnina sína í skólanum. Þarna má sjá meðaleinkunnir, fall og mætingu.

Á haustönn 2024 var 51 nemandi á skilmálum innan skólans. Fyrir vorönn 2025 hélst fjöldi svipaður en nemendur á mætingarsamning fjölgaði verulega og fækkaði á viðtalsskilmálum á móti.

Áfram teljum við að það utanumhald sem skólinn veitir nemendum sínum, til dæmis í umsjónarkerfi Hámarks og bekkjarkerfi á fyrsta ári styðji vel við skuldbindingu í námi sem og nemendapjónustan. Við þetta má bæta að mætingarteymi skólans hefur margs konar hlutverki að gegna þegar kemur að því að aðstoða nemendur sem mæta ekki vel. Það hittist hálfs mánaðarlega og tekur stöðuna, nemendur eru í framhaldi kallaðir í viðtöl og gerð er tilraun til að finna úrlausn mála í samstarfi við nemendapjónustu og Hámarkskennara.

Skýrslur deilda

Kennslusvið

Að venju skila fagstjórar hvers fags/deildar fyrir sig skýrslu þar sem þau taka saman yfirlit yfir það helsta sem snýr að önninni. Þetta skólaárið var gervigreindin ansi fyrirferðamikil en mikið hefur borið á því að nemendur kunni ekki að nýta sér greindina til gagns. Kennarar virðast hafa reynt ýmislegt í þessu samhengi og vísa mikið í reglur skólans um heilindi í námi en ljóst er að næsta vetur þarf að styrkja þekkingu og skilning allra þegar kemur að nýtingu gervigreindar í starfi og námi. Eitthvað var um námskrárbreytingum hjá fagstjórum á önninni en í góðu faglegu samráði var kjarni brauta var styrktur á skólaárinu og hinar ýmsu línur fyrir opnu brautina urðu til. Mikill meirihluti nemenda stundar nám á opinni námsbraut en nokkur þörf er á því að leiðbeina nemendum frekar á brautinni og því urðu línurnar til. Þá bættust einstaka áfangar inn í kjarna, sérstaklega á raunvísindabraut.

Enn hafa kennarar áhyggjur af mætingu nemenda og metnaðarleysi sem vinna þurfi með næstu misseri og er sífellt er unnið að breytingum á námsmati innan greina, sbr. hvort leggja eigi fyrir lokapróf eða símat auk þess sem munnlegum prófum hefur fjölgað vegna gervigreindarvinnu. Almennt kemur fram að samstarf innan deilda/greina sé gott og að starfsandi sé góður, sem er afar mikilvægt.

Þjónustusvið

Í skýrslum frá þjónustusviði varðandi skólaárið kom ýmislegt fram. Á skrifstofu skólans hafa orðið breytingar t.d. á opnunartíma skrifstofu auk þess sem fulltrúi á skrifstofu tók að sér að sinna bókasafni skólans nokkra morgna í viku. Það krafðist breytinga á verklagi og mun reyna meira á á

næsta skólaári. Sama gildir um mötuneyti skólans en þar urðu einnig tímabundnar breytingar vegna mikils álags og kallaði það á breytt verklag og opnun nánast allt skólaárið.

Stoðþjónusta

Náms- og starfsráðgjafar ásamt nemenda- og kennsluráðgjöf

Engin breyting hefur orðið á því að mikið fer fyrir einstaklingsviðtölum við nemendur í starfi náms- og starfsráðgjafa. Nemendur leita eftir ráðgjöf og stuðningi, bæði vegna náms og skipulags í kringum það en einnig vegna vandamála tengd kvíða, þunglyndi og persónulegum málum. Náms- og starfsráðgjafar eiga einnig í góðu samstarfi við bæði kennara og stjórnendur, vegna ýmissa mála sem falla til í stuðningi við nemendur, sem og foreldra sem leita til þeirra. Að venju taka náms- og starfsráðgjafar þátt í kynningum fyrir 10. bekinga og sinna samstarfi við ýmsa aðila utan skólans. Má þar nefna sálfræðinga, geðlækna, heimilislækna, hjúkrunarfræðinga, fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og aðra sem koma að málefnum nemenda, nú síðast í gegnum farsældarvinnuna.

Eins og áður eru nemendur með greiningargögn og aðstoð við þá vegna námsörðugleika fyrirferðarmikill hluti starfs nemenda- og kennsluráðgjafa. Margir nemendur þurfa stíft utanumhald sem kallar á regluleg viðtöl við þá sem og kennara og foreldra. Aðrir þurfa eftirfylgni úr hæfilegri fjarlægð. Fyrirkomulag um skráningar í sérúrræði á prófatímabili gekk vel og alltaf var hægt að verða við óskum nemenda. Vinna í mætingarteymi gekk vel og vikulegir fundir með stjórnendum voru bæði mikilvægir og gagnlegir til að koma upplýsingum á milli aðila og samræma ýmis mál. Einnig skiptir gott samstarf nemendaþjónustunnar allrar og þá er mikilvægt fyrir nemenda- og kennsluráðgjafa að setja nýja kennara inn í úrræðið.

Starfsbraut

Starfsbrautin hafði fastar 7 kennslustofur til umráða á skólaárinu og var almennt góð nýting á þessum stofum og mikil þörf á þeim. Þörf er á að bæta vinnuaðstöðu fyrir kennara brautarinnar. Kennarar á brautinni sinna fjölbreyttri kennslu. Þá er námsefni oft ekki til fyrir nemendahópinn og því fer tími í að búa til og skapa gögn og undirbúningur því mikill fyrir hverja kennslustund.

Verklegir valáfangar eru alltaf vinsælir og boðið var upp á fablab, matreiðslu, myndlist og gæludýr. Aðrir valáfangar sem voru kenndir voru ökunám. Jafningjastuðningur var nýttur á skólaárinu. Þá er bent á að lítið má bregða út af á brautinni, nemendahópurinn sé viðkvæmur og því geta forföll starfsfólks verið afar krefjandi.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru ávallt gagnleg en rætt hefur verið við starfsmannahópinn að meðaltali einu sinni á þriggja anna fresti en kennarar koma í samtal í kjölfar kennslumats með sama millibili og annað starfsfólk.

Starfsmannasamtölin gáfu að venju góðar vísbendingar en ljóst er að andinn á vinnustaðnum er bæði jákvæður og uppbyggilegur að langmestu leyti. Það er ánægjulegt að starfsfólk eigi góða vini á vinnustaðnum en það má greina sterkt í samtölunum. Áfram er ánægja með starfsþróunarverkefnin og möguleika sem bjóðast í þeim en síðustu annir hafa núvitundarnámskeið verið vel sótt af starfsfólki sem býðst svigrúm hvað starfsþróun varðar. Margir nefndu góðan sveigjanleika sem mikilvægan þátt í sinni vellíðan á vinnustaðnum enda margir sem stunda nám samhliða vinnu við skólann og telja því mikilvægt að hafa svigrúm innan vinnudagsins. Flestir töluðu um gott samstarf innan deilda/greina og upplifðu góð samskipti og mikinn stuðning þar.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla var áfram fyrirferðarmikið í starfi skólans. Að venju var starfsmönnum skólans boðið upp á ýmsa heilsueflandi möguleika. Fastir liðir eru t.a.m. sundkort í sundlaugum Hafnarfjarðar sem starfsmenn fá afslátt af og þeir nýta sem það vilja. Skólinn býður starfsfólki sínu upp á frí afnot af rafmagnshjólum en það hefur mælst svo vel fyrir í gegnum tíðina að nú hafa fjölmargir starfsmenn keypt sér sitt eigið hjól. Því var brugðið til þess ráðs að selja nánast allan hjólaðstól og mæltist það einnig vel fyrir. Hleðslustöðvar eru á bílplani skólans og því hafa bæði nemendur og starfsfólk tækifæri á að hlaða bílinn sinn yfir daginn. Áfram var unnið með það fyrirkomulag HEF-verkefnisins með því að bjóða starfsfólki upp á heilsustyrk. Alls nýttu samtals 34 starfsmenn heilsustyrkinn á skólaárinu 2024-2025.



Áfram verða nemendur hvattir til heilsueflingar með t.d. þátttöku í lífshlaupi, hollum kost í mótuneyti og hinum ýmsu erindum sem snúa að betri heilsu og vellíðan fólks í framhaldsskólum.

Hlýtt á starfsfólk skóla

Jafnréttiskönnun

Jafnréttiskönnun var lögð fyrir kennara skólans í lok haustannar. Svarhlutfall var 54%. Niðurstöður jafnréttiskönnunar sýna að kennarar Flensborgarskólans reyna að gæta jafnréttis og virðingu í

störfum sínum. Í 5 spurningum af 20 voru yfir 90% þátttakenda mjög sammála eða fremur sammála og þar af svara allir þátttakendur á þann veg í þremur spurningum. Ánægjulegt er að sjá að í 16 spurningum af 20 eru yfir 70% þátttakenda mjög sammála eða fremur sammála. Aðeins í einni spurningu er meirihluti þátttakenda mjög eða fremur ósammála en þar var spurt um hvort kennarar kyngreini einkunnir nemenda og skoði árlega. Tekið skal fram að ekki er farið fram á það við kennara að þeir skoði þennan þátt með skipulegum hætti.

Þegar kennarar voru spurðir hvort þeir leggi sig fram við að breyta orðræðu í daglegu tali og verkefnum í kynhlutlaus orð, eins og öll og mörg, þá kom fram nokkuð jöfn dreifing á milli svarmöguleika þar sem 44% eru mjög eða fremur sammála, 19% hlutlausir og 34% mjög eða fremur sammála.

Ytra mat

Stofnun ársins

Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samstarfi við Sameyki. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2023. Svarhlutfall hjá starfsfólki Flensborgarskólans var 54% og lækkaði örlítið á milli ára. Þá hækkuðu vikmörk einnig á milli ára. Heildarmat Flensborgarskólans lækkaði örlítið á milli ára, eða um -0,21 og var heildareinkunnin 3,84. Heildarmat sambærilegra stofnana lækkaði einnig á milli ára, mældist að þessu sinni 4,18 og hækkar lítillega á milli ára (-0,06). Heildarmat allra stofnana var 4,11 (+0,01). Allir þættir könnunarinnar lækkuðu á milli ára, utan einn en það var þátturinn *Starfsandi* (+0,04). Þeir þættir sem lækkuðu mest á milli ára voru *Launakjör* (-0,47) og *Sveigjanleiki vinnu* (-0,46).

Áfram verður haldið að bæta starfsumhverfi í Flensborgarskóla, e.t.v. hafði kjarabarátta KÍ og yfirvofandi verkföll eitthvað um fyrrnefnda þætti að segja en áfram verður lögð áhersla á að allir starfsmenn taki þátt í könnuninni og bæti árangur stofnunarinnar og þannig auka starfsánægju um leið. Meðal annars var unnið að handbókum um farsæld og Ekkó mál á skólaárinu, ferlar varðandi agamál skilgreindir enn frekar og fleira.

Jafnlaunavottun

Flensborgarskólinn hefur á ný fengið jafnlaunavottun staðfesta eftir að gerð var úttekt á launakjörum starfsmanna. Vottunarfyrirtækið BSI á Íslandi sá um úttektina en hún felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á launakjör kynjanna. Greiningin sýnir laun 66 starfsmanna og er kynjaskiptingin 27% karlar, 73% konur. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að mikill stöðugleiki ríkir í



grunnlaunum á milli ára en að þessu sinni eru konur með að meðaltali 2,15% hærri grunnlaun en karlar. Konur eru einnig hærri en karlar í heildarlaunum, eða 0,89% hærri, og er það m.a. vegna vinnumats kennara sem þessar sveiflur á milli ára eiga sér stað. Leiðréttur launamunur kynjanna þegar búið er taka tillit til allra helstu breytna sem hafa áhrif á launaröðun er 2,25%, konum í hag. Niðurstöður þessar staðfesta að Flensborgarskólinn uppfyllir áfram þær kröfur sem lagðar eru fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og sýna fram á að jafnlaunakerfið sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum, enda hefur það nú verið sannreynt í sjötta sinn. Þegar horft er til starfsmanna í nefndum á vegum stofnunarinnar skólaárið 2024 - 2025 má sjá að konur eru í meirihluta en þátttaka karla er engu að síður góð og í takt við kynjahlutföll starfsfólks.

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Það er ljóst að ákvarðanir um laun starfsfólks Flensborgarskólans fela ekki í sér kynbundna mismunun.

Græn skref

Nú hefur Flensborgarskólinn starfað að Grænum skrefum í ríkisrekstri síðan árið 2021 þegar fullgilding skólans lauk í árslok 2021. Verkefnið vannst vel á sínum tíma og var það bæði á borði stjórnendateymis skólans og í höndum stýrihóps að viðhalda. Allir þættir Grænna skrefa eru komnir til fullra framkvæmda og eftirlit með skilvirkni þess er gott. Sífelld er leitað að nýjum leiðum til að virkja nemendur og starfsfólk enn frekar og þá sérstaklega þegar kemur að sorpi, endurnýtingarhlutfalli og matarsóun. Teymi Grænna skrefa í Flensborg skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, umsjónarmaður fasteigna, matráður, forstöðumaður bókasafns, forstöðumaður starfsbrautar og tveir kennarar við skólann.

Skólinn er einnig Grænfánaskóli en skólinn flaggaði fánanum í fimmta sinn í byrjun maí. Umhverfisnefnd skólans, skipuð 9 nemendum, hefur ásamt kennurunum sínum unnið að umhverfismálum skólans en þema nefndarinnar í ár var lýðheilsa. Nefndin lagði meðal annars fyrir könnun um lýðheilsu á haust- og vorönn, kynnti tengsl lýðheilsu og umhverfis fyrir

nemendum og hvatti nemendur og starfsfólk til hreyfingar og útivistar með ýmsum hætti. Stærsta verkefni umhverfisnefndarinnar í vetur var stofnun Flensborgarlundar, trjálundar í samstarfi við skógrækt Hafnarfjarðar, með það að markmiði að skapa vettvang fyrir eflingu lýðheilsu Flensborgara og tengingu við nærumhverfið og náttúru. Fulltrúi Landverndar gerði úttekt á starfi umhverfisnefndar í byrjun apríl og hlaut Flensborgarskólinn Grænfána í fimmta sinn í kjölfarið. Umhverfisnefndin fékk hrós fyrir metnaðarfullt starf og vel unnin störf í þágu umhverfis- og náttúruverndar þegar Grænfáni var dregin að húni í fimmta skiptið.

Niðurstöður

Helstu niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2024-2025 eru þessar:

Á heildina litið kemur Flensborgarskólinn vel út úr innra mati þetta árið, líkt og undanfarin ár. Kennslumatið lækkaði örlítið á skólaárinu sem hér er fjallað um en markmið kennslumats mældust rétt undir styrkleikabili. Nemendur gefa til kynna að þeim líði vel hér og séu ánægðir með þjónustuna sem þeir fá, hvort sem það er kennsla, samskipti, bekkjarkerfi, nemendaþjónusta eða annað. Eins og alltaf eru tækifæri til úrbóta mörg og áfram er haldið í því að virkja nemendur enn frekar og gera þá ábyrga fyrir eigin námi. Vísbendingar eru um skort á skuldbindingu til náms hjá eldri nemendum og um leið hefur verið reynt að styðja við námsmenningu innan skólans. Bekkjarkerfi virðist halda vel um nemendur enda nýnemahópurinn sá hópur sem mætir best og miðað við niðurstöður kannanna meðal þeirra má sjá marga jákvæða þætti sem gefa góðar vonir um framhaldið. Á heildina litið virðast nemendur ánægðir með fjölbreytni í kennslu og fjölbreytileika í verkefnaskilum. Reynt hefur verið að viðhalda tækniþekkingu kennara frá því á tímum heimsfaraldurs og hvetja þá til þess að styrkja sig á þeim sviðum kennslunnar og voru keyptir snjallskjár í stofur á skólaárinu og Inspira – rafrænt prófaumhverfi – tekið upp.

Námsárangur er nokkuð svipaður á milli ára, 6,8. Margt gekk vel, mæting nýnema var góð eins og áður sagði og námsárangur þeirra var góður. Þá var brottfall nemenda úr námi enn í lágmarki og brottfall nýnema við skólann vel undir landsmeðaltali, eða undir 3%. Námsúrræði voru áfram til staðar innan skólans sem hefur bæði ritver og raungreinaver þar sem nemendur geta fengið aðstoð við námið almennt, verkefnaskil og fleira. Þjónustan var bætt enn frekar á skólaárinu þegar nemendur tóku að sér jafningjakennslu í stærðfræði einu sinni í viku. Ásókn í jafningjaver jókst eftir því sem leið á skólaárið og ljóst að nemendur kunna að meta fjölbreyttan stuðning sem býðst í námi.

Skólinn fékk jafnlaunavottun endurnýjaða eftir úttekt á launakjörum starfsmanna. Greiningin sýnir laun 69 starfsmanna og er kynjaskiptingin að þessu sinni 27% karlar, 73% konur. Meginniðurstöður aðhvarfsgreiningar sýna að mikill stöðugleiki ríkir í grunnlaunum á milli ára en

að þessu sinni eru konur með að meðaltali 2,15% hærri grunnlaun en karlar og hefur munurinn minnkað á milli ára. Konur eru einnig hærri en karlar í heildarlaunum, eða um tæp 1% hærri, en þar er helsti áhrifapáttur vinnumat kennara. Niðurstöður þessar staðfesta að Flensborgarskólinn uppfyllir áfram þær kröfur sem lagðar eru fram samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 og sýna fram á að jafnlaunakerfið sé hannað til að ná markmiðum og stefnu skólans í jafnlaunamálum, enda hefur það nú verið sannreynt í sjötta sinn.

Hvað varðar umbótaáætlun þá gekk að vinna eftir áætlun síðasta árs og allir liðir hennar eru komnir til framkvæmda en þó svo sé eru þó margir liðir umbótaáætlunar svokölluð eilífðarverkefni sem verður aldrei lokið. Þar má nefna sem dæmi vellíðan nemenda, fjölbreytni í námi og kennslu og styrkingu starfsanda. Enn eru sóknarfæri Flensborgarskólans mörg. Þau eru lögð fram í umbótaáætlun skólans sem verður kynnt og komið á framfæri til starfsmannahópsins (að venju gert á skólafundi í janúar) og felast fyrst og fremst í því að halda áfram með öfluga skólaþróun, styðja við sterka námsmenningu skólans, styrkja ímynd hans og koma fjölbreyttum námsleiðum á framfæri. Þá ber að geta þess að hún er samræmd við aðrar áætlanir og úttektir á skólastarfinu og næstu verkefni sjálfsmatsnefndar felast í því að fylgja góðu innra mati og umbótum vel eftir.

Erla Sigríður Ragnarsdóttir, skólameistari og Júlía Jörgensen, aðstoðarskólameistari

Viðauki – matstafla 2024-2025

Eftirfarandi tafla sýnir matsþætti skólans skólaársins 2024-2025.

Matsþáttur/ Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Kennslumat Viðhorf nemenda til kennslu og náms kannað.	Nemendur eru virkir og sýna skólastarfi áhuga Fjölbreyttir kennsluhættir Jákvæð viðhorf einkenna skólastarfið	Spurningalistinn hefur svarmöguleika á bilinu 1,00-5,00 (5 mjög sammála) þar sem styrkleikabil er 4,20-5,00, starfshæft bil 3,70- 4,19 og aðgerðabil 1-3,69. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðhorf nemenda til eigin árangurs Mælikvarði: Meðaltal svara um kennsluhætti. Mælikvarði: Meðaltal svara um viðmót og viðhorf kennara og líðan í kennslustofu. Viðmiðið er að svör mælist á styrkleikabili, 4,20-5,00.	Kennslumat Tilviljanakennd röðun - Þeir nemendur svara sem heyra þar undir	Alltaf í síðustu viku annar – nóvember 2024 og apríl 2025	Skólastjórnendur
Hlýtt á nemendur Líðan í bekk	Nýnemar spurðir um bekkjarkerfi, anda í bekk, skólastarfið og námið	Spurningalistinn hefur svarmöguleika á bilinu 1,00-5,00 (5 mjög sammála) þar sem styrkleikabil er 4,20-5,00, starfshæft bil 3,70- 4,19 og aðgerðabil 1-3,69.	Allir nýnemar	Í lok anna - nóvember 2024 og apríl 2025	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, sjálfsmatsnefnd
Hlýtt á starfsfólk - viðhorf til skólastarfsins	Samgöngukönnun Starfsandi Samtal um námsskrárvinnu	Spurningalisti, könnun Samskiptasáttmáli Unnið á fagfundum	Allt starfsfólk Allt starfsfólk Allir kennarar	Vor 2025 Haust '24 Haust '24	Skólameistari, aðstoðarskólameistari

Útgefið í september 2024

Skýrslur deilda Nýjungar, samstarf, námsárangur og fleira	Góð samvinna og upplýsingamiðlun meðal starfsfólks Fjölbreyttir kennsluhættir Fagleg vinnubrögð allra starfsmanna	Mælikvarði: Meðaltal svara við samvinnu og upplýsingamiðlun innan deilda og milli deildar. Mælikvarði: Meðaltal svara um fjölbreytni innan deildar. Mælikvarði: Meðaltal svara um fagleg vinnubrögð innan deildar.	Í samráði við kennara, þjónustusvið og nemendabjónustu	Skilað í lok skólaárs	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, fagstjórar, deildarstjórar á þjónustusviði
Stofnun ársins	Ánægjuvog á innra starf stofnunarinnar; starfsandi, launamál, stjórnendur, aðstaða.	Könnun gerð utanhúss og lögð fyrir allt starfsfólk.	Viðhorfskönnun á netinu.	Haut 2024	Skólastjórnendur
Jafnlaunavottun	Jafnlaunakerfi – að það sé virkt og í samræmi við jafnlaunastefnu skólans	Innra rýni gerð innanhúss en úttekt gerð af BSI á Íslandi.	Launagreining	H2024	Skólameistari, aðstoðarskólameistari